

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík nr. 515 28. nóvember 1988.

Stjórn Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 28. nóvember 1988:

6. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar skipa 9 fulltrúa og eru þeir þannig valdir:

Stofnaðilar tilnefna hver um sig tvo fulltrúa og einn til vara til tveggja ára í senn.

Stjórn Landspítala - Háskólasjúkrahúss skal boðið að tilnefna tvo fulltrúa og einn til vara og stjórn Reykjalundar einn fulltrúa og einn til vara, til setu í ráðinu til tveggja ára.

Skylt er að boða varamenn til funda með málfrelsi og tillögurétti.

Sinni einhver aðilinn ekki tilnefningu tilskilins fjölda í ráðið, skulu fulltrúar tilnefna í þeirra stað, svo að ráðið verði fullskipað.

Val fulltrúa í ráðið skal fara fram eigi síðar en í marsmánuði annað hvert ár.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsteð“.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af Boga Th. Melsteð sagnfræðingi og var skipulagsskrá fyrir hann staðfest 13. október 1914.

Nafn sjóðsins er: Ævinlega erfingjarenta Sigríðar Melsteð. Ný skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest þann 24. júlí 1998.

2. gr.

Eign sjóðsins er: 17.812.587 kr.

Stofnfé að fjárhæð er kr. 598.000 og skal hún haldast óskert.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtast á sem tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki og styrkja fólk í erfiðleikum.

Rétt til styrkja hafa afkomendur Bjarna Melsteð og konu hans Þórunnar Guðmundsdóttur frá Framnesi, Skeiðum.

Einnig má nota sjóðinn til að efla kynni meðal ættingja og styrkja mannfagnaði á vegum ættarinnar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir af inneignum
- b) aðrar tekjur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita á hverjum tíma styrki úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans samkv. 3. gr., þeirri upphæð sem hann telur sér fært að veita án þess að rýra stofnfé sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 6 menn. Skulu þeir allir vera afkomendur barna Bjarna Melsteð og konu hans Þórunnar Guðmundsdóttur þ.e. Páls, Jóns, Stefaníu, Sigrúnar, Gunnlaugs og Soffíu. Hlutverk stjórnar er að annast vörslu sjóðsins.

Styrkveitingar verða gerðar í samráði við stjórn.

Hverfi stjórnarmaður úr stjórn tilnefnir hann eftirmann sinn í stjórnina. Falli stjórnarmaður frá tilnefna skyldmenni hans manni í hans stað. Formaður skal valinn af stjórnarmönnum. Formaður stjórnar ber ábyrgð á fjárvörslu.

7. gr.

Sjóðurinn skal endurskoðaður árlega af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Ekki má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má aðeins gera ef þær hljóta samþykki allra stjórnarmanna.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Ævinlega erfingjarentu Sigríðar Melsteð, sem staðfest var 24 júlí 1998.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 2004.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.